

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Forseti: Þá er tekinn fyrir 3. liður á útsendri dagskrá sem er breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember. Þeir sem samþykkja þennan lið gjöri svo vel að gefa merki. [Frammícall] Þessi liður þarf ekki tvær umferðir. Við erum að taka fyrir lið nr. 3 á dagskrá fundar Borgarstjórnar Reykjavíkur þriðjudaginn 6. apríl 2010 og um er að ræða breytingu á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl. Þeir sem samþykkja [frammícall] ... Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að taka til máls.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kveð mér hljóðs hér af þessu tilefni þó óbeint sé. Við höfum í forsætisnefndinni verið að fara yfir þetta mál og það er býsna lítið rökstutt frá meirihlutans hendi en af umfjöllun um málið má ljóst vera að það má víða gera betur í undirbúningi að lóðaúthlutunum hjá Reykjavíkurborg og meginatriðið er kannski ekki það nákvæmlega hvar sá undirbúningur er vistaður, heldur að borgarþátttakendur og borgarfulltrúar sem koma að málunum síðar eða þegar þau eru lögð fram í tillöguformi eða til afgreiðslu, þurfa að geta treyst því að þar sé ekki um að ræða einhverskonar geðþóttaákvæðanir. Að þar sé gegnsæi og jafnræði viðhaft og það er skemmst frá því að segja þó að um það mætti setja langar ræður hér, að ýmsar af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á reglum um lóðaúthlutanir, bæði íbúðalóða og atvinnulóða, á þessu kjörtímabili, hafa farið fram án stuðnings borgarfulltrúa Samfylkingarinnar vegna þess að í flestum tilvikum er þar að um að ræða breytingar sem auka svigrúm fyrir geðþótta frekar en að skerpa á og skýra reglur.

Ég vísa til bókana okkar hvað þetta varðar og þeirra illvígu deilna sem Reykjavíkurborg á nú í, bæði við einstaklinga og fyrirtæki, í tengslum við lóðaúthlutanir og lýsi þeirri afdráttarlausu skoðun Samfylkingarinnar í borgarstjórn að það er fyllsta tilefni til þess að taka reglur um lóðaúthlutanir til endurskoðunar, skýra þær og skerpa, og ganga þannig tryggilega frá að Reykjavíkurborg geti haft af þeim stjórnvaldsákvörðunum nokkurn sóma en ekki tjón og harm eins og því miður hefur verið raunin á þessu kjörtímabili.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Bara um leið og ég tala fyrir þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til að verði gerð á samþykktum fyrir framkvæmda- og eignaráð, þá finnst mér rétt að bregðast við því sem fram kom í máli oddvita Samfylkingarinnar, borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar, um að það væri margt í breytingum á reglum um lóðaúthlutanir á þessu kjörtímabili sem Samfylkingin og þá sérstaklega hann sem þeirra talsmaður og oddviti hefði lagst gegn á kjörtímabilinu og talar um að það hafi síst orðið til þess að auðvelda eða gera þessar reglur gagnsærri um úthlutun lóða í Reykjavíkurborg.

Til þess að rekja þá sögu lítillaga held ég að sé ágætt að byrja á þeim tímapunkti sem við erum stödd á í dag. Við erum í raun og veru að taka gamaldags kerfi, sem var í raun og veru bara inni á borði borgarstjóra og skrifstofustjóra borgarverkfræðings á þeim tíma, þar sem ákvarðanir um lóðaúthlutanir voru teknar. Lítil sem engin umræða í borgarráði og ráð eins og framkvæmda- og eignaráð ekki til á þeim tíma þannig að þetta var meira og minna afgreitt og undirbúið inni í embættismannakerfinu án aðkomu kjörinna fulltrúa. Þar sem hér er verið að gera er fyrst og fremst það að það er verið að tryggja aðkomu kjörinna fulltrúa að stefnumótandi ákvörðunum og stórum ákvörðunum eins og lóðaúthlutunum í borgarlandinu og það er í raun og veru bara eins og með allar meiriháttar ákvarðanir sem teknar eru í þessu kerfi að þær eru undirbúnar og undirbyggðar í fagráðum borgarstjórnar.

Eftir þá umræðu og umfjöllun eru þær lagðar fyrir í borgarráði og síðan úr borgarráði í borgarstjórn. Það er svona hin venjubundna leið og það er í raun og veru þá leið sem við erum að fara hér og þess vegna hélt ég að það væri enginn ágreiningur um það.

En úr því að oddviti Samfylkingarinnar vill halda uppi þessum ágreiningi um lóðamálin í borginni held ég að það sé rétt að við rifjum það örlítið upp hvar það er þá sem meirihlutann í borgarstjórn greinir á við minnihlutann um lóðaúthlutanamálin og ég held að það sé kannski fyrst og fremst þá hvort við erum að tala um lóðaúthlutanir á föstu verði eða útboðslóðir sem farið var af stað með í

tíð Reykjavíkurlistans, sem ég var fylgjandi á sínum tíma, taldi rétt að byggingarlóðir væru boðnar út og markaðurinn og framboðið réði svolítið eða eftirspurnin réði svolítið verðinu. Það sem ég hins vegar áttaði mig ekki á þegar sú ákvörðun var tekin af þáverandi borgarstjórnarmeirihluta, var að með því að sinna í raun og veru ekki því kalli og þeirri eftirspurn sem var eftir byggingalóðum á þeim tíma, þá fór í raun og veru verð íbúðalóðanna upp úr öllu valdi. Það má eiginlega segja að það hafi verið mistök Reykjavíkurlistans í þessu annars ágæta máli að bjóða út sölu á byggingarrétti, að fylgja ekki þeim tíðaranda og þeirri miklu eftirspurn sem síðan varð á þessum markaði.

Það varð til þess að lóðaverðið fór upp úr öllu valdi og það var í raun og veru það fyrsta sem fyrsti meirihluti þessa kjörtímabils, meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, gerði það var í raun og veru að lækka þetta verð. Verð á íbúðarhúsalóðum var komið yfir 20 milljónir og það sem nýr borgarstjórnarmeirihluti gerði á þeim tíma var að lækka verðið, samt sem áður án þess að kollvarpa þeim lóðamarkaði sem var við lýði. Eitt af því var t.d. að setja á ákveðið viðbótargjald á lóðir, þannig að þeir sem væru að gera eitthvað annað við lóðirnar heldur en að byggja á þeim og búa þyrftu að borga meira.

Síðan eftir að hrúnið kemur og menn vilja skila lóðum, þá kemst töluverð hreyfing á þetta og ég held að það sé mikilvægt að nota þetta tækifæri og segja frá því fyrir þá sem eru að hlusta að það eru náttúrlega í raun og veru þrjár mismunandi lóðaúthlutunaraðferðir í gangi hjá borginni. Það eru annars vegar þessar útboðslóðir, það eru atvinnulóðirnar og svo í þriðja lagi eru það einbýlishúsalóðir á föstu verði. Í þeim samningum er í raun og veru ekki bara um forkaupsréttarákvæði að ræða fyrir hönd Reykjavíkurborgar eða fyrir Reykjavíkurborg heldur í raun og veru um kaupskyldu að ræða. Að ef viðkomandi ætlar ekki að byggja á lóðinni ber honum að skila henni. Það er í raun og veru í þeim einu tilvikum sem Reykjavíkurborg hefur ákveðið að borga lóðir tilbaka, það er þegar samningarnir kveða á um að borginni sé beinlínis skylt að taka við lóðinni eða kannski réttara sagt að lóðarhafanum er skylt að skila lóðinni ætli hann sér ekki sjálfur að byggja. Í þeim tilvikum hefur Reykjavíkurborg greitt út lóðirnar en að sjálfsögðu í hinum tilvikunum hefur Reykjavíkurborg og borgaryfirvöld staðið á því að þeir aðilar sem keyptu lóðir á markaðsverði á þeim

tíma geti ekki skilað þeim til borgarinnar eftir að markaðsaðstæður hafa gjörbreyst.

Þetta hefur í raun og veru farið á ýmsa vegu. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur í raun og veru staðfest ákvarðanatöku meirihlutans í borgarstjórn á meðan síðan sveitarstjórnar- og samgönguráðuneytið hefur komist að annarri niðurstöðu, um það að Reykjavíkurborg beri að endurgreiða þessar lóðir. Ráðuneytið gengur m.a.s. svo langt að það telur að einbýlishúsalóð sem boðin var út hjá Reykjavíkurborg á sínum tíma hefur síðan gengið kaupum og sölum milli aðila á markaði eftir á, að sá aðili sem núna er með lóðina undir höndum eigi að geta skilað henni til Reykjavíkurborgar. Ég held að flestir sem sjá í raun og veru í hvers konar óefni menn eru komnir ef það er orðið hlutverk og skylda borgarinnar og þá annarra sveitarfélaga að koma inn í viðskipti sem fara fram út á markaðnum mörgum árum seinna miðað við allt annað fasteignaverð sem var uppi þá og jafnvel með viðbættum verðlagsbreytingum og verðlagsbótum.

Þannig að þetta hefur verið afstaða borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavíkurborg og ég held að hún sé í raun og veru mjög ábyrg. Ekkert auðveld, það er ekkert auðvelt að standa frammi fyrir fólki og segja að þetta séu reglurnar, en engu að síður algjörlega óhjákvæmilegt. Ég held að minnihlutinn og þá kannski sérstaklega Samfylkingin í borginni verði að segja það þá bara hreint út. Er það vilji Samfylkingarinnar að greiða þá bara út allar lóðir? Allar lóðir í borginni? Málflutningur Samfylkingarinnar hér í borgarstjórninni núna þessa síðustu mánuði fyrir kosningar er með miklum ólíkindum. Það virðist vera talað bara í ákveðna markhópa. Þetta í dag, eitthvað annað á morgun, hvernig blása skoðanakannanir í dag, hvernig blésu þær í gær og hvað er besta strategían.

Ef maður veltir fyrir sér því sem Samfylkingin hefur sagt í sambandi við til dæmis endurgreiðslu á lóðum, þá er þar um gríðarlegar upphæðir að ræða. Á sama tíma talar Samfylkingin fyrir því að Orkuveita Reykjavíkur sé að fjárfesta alltof mikið. En á sama tíma og þeir gagnrýna borgarstjórnarmeirihlutann og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fyrir of mikla framkvæmdagleði, þá gagnrýna þeir borgarstjórnarmeirihlutann fyrir að ætla að draga úr framkvæmdum í Reykjavíkurborg árið 2013. Svo eiga allir að vera með skýra sýn og fulla sjón árið 2020. Það sem borgarbúar eru í raun og veru að biðja um í dag er það hvað ætla

kjörnir fulltrúar, stjórnámálamenn í landinu, að gera á árinu 2010. Af því að þeir gerðu svo lítið og sérstaklega í þinginu á árinu 2009. Það er það sem almenningur er að spyrja um. Almenningur er ekki að spyrja um árið 2013 eða 2020. Hann er að spyrja um daginn í dag.

Þetta litla mál sem hér er á dagskrá borgarstjórnar um breytingar á samþykktum fyrir framkvæmda- og eignaráð er í raun og veru bara eitt af mörgum dæmum, litlum dæmum þar sem þessi borgarstjórnarmeirihluti sem nú er starfandi er í raun og veru að taka til í þessu kerfi. Okkar stóra kerfi og í raun og veru að samræma ákveðnar leikreglur öðrum þáttum sem unnir eru úti í fagráðunum og þess vegna legg ég til að við samþykkjum þessa breytingu og ég vildi lítillaga koma inn á þessa gagnrýni Samfylkingarinnar á málið og í raun og veru þær mótsagnir sem mér finnst í raun og veru einkenna máflutning Samfylkingarinnar í aðdraganda þessara kosninga.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Forseti vill minna á að dagskrárliðurinn sem við fjöllum um núna snýst um það að samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð verði breytt þannig að það geri framvegis tillögu til borgarráðs um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar á grundvelli reglna borgarráðs og ég vil biðja alla borgarfulltrúa um að reyna að halda sig við þennan þátt málsins þótt ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að einstaka borgarfulltrúar þurfi kannski aðeins að stíga út fyrir línuna en óska eftir því að það verði ekki of mikið um það.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að nýta mér andsvaréttinn í þessari umræðu. Ekki til þess að fara út um víðan völl eða að efna til umræðna sem þó væri vel umræðu verð sem er forgangsöröðun framkvæmdafjármuna og hvernig hægt sé að tryggja atvinnustig og hvað þurfi að gera til þess að koma Orkuveitu Reykjavíkur aftur í eðlilegt horf. En það sem ég ætlaði að fara upp í andsvar vegna voru orð borgarfulltrúa Óskars Bergssonar sem tilgreindi það sem í raun sín einu rök fyrir þessari breytingu að verið væri að hverfa frá gamaldags aðferðum við úthlutanir lóða í höndum borgarstjórans í Reykjavík og taka upp betri aðferðir undir forystu framkvæmda- og eignaráðs og framkvæmda- og eignasviðs.

Ég vil einfaldlega hvetja borgarfulltrúann til þess að gera betur grein fyrir þessum gamaldags vinnubrögðum sem hann er að lýsa inni á skrifstofu borgarstjóra háttvirts og hvernig borgarfulltrúinn sjái fyrir sér að þessi breyting, að færa þetta inn á framkvæmda- og eignasvið og undir framkvæmda- og eignaráð, geri málsmeðferðina betri. Hvernig verður hún betri? Er það vegna þess að þar er annað fólk eða er það vegna þess að þar eru einhverjar öðruvísi málsmeðferðarreglur sem ég var að kalla eftir í minni ræðu að einmitt vantaði inn í hugsunina að baki þessari tillögu vegna þess að það eina sem þessi tillaga felur í sér er að í stað þess að við borðsendann, þegar einhver sækist eftir lóð, sitji borgarstjórinn í Reykjavík eða skrifstofustjóri framkvæmda- og eignasviðs, þá situr við borðsendann, ja hver? Formaður framkvæmda- og eignaráðs? Og sami skrifstofustjóri? Ég átta mig ekki alveg á muninum og þegar borgarfulltrúinn segir að gamli tíminn sé borgarstjóraskrifstofan og nýi tíminn sé skrifstofa framkvæmda- og eignasviðs, þá verð ég að biðja hann að færa betri rök fyrir máli sínu.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það bar ekki að skilja orð mín svo hér áðan að það sem gert var hér áður fyrr og í gamla daga sé svo óskaplega gamaldags. En það var þó að minnsta kosti gert í fortíðinni. Það eru í raun og veru mörg slík mál sem í raun og veru stjórnkerfi Reykjavíkurborgar hefur verið að fást við í langan tíma og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson ætti nú kannski að þekkja manna best sem fyrrverandi formaður stjórnkerfisnefndar sem gerði hér miklar breytingar á stjórnkerfi borgarinnar. Hann, það er að segja borgarfulltrúinn, óskaði eftir því að ég færði frekari rök fyrir því af hverju þetta væri svona gamaldags, þetta væri verra og það væri betra í raun og veru að taka slíkar ákvarðanir í framkvæmda- og eignaráði heldur en á skrifstofu borgarstjórnar. Ég held ég verði eiginlega bara að varpa spurningunni tilbaka vegna þess að sá sem spyr er fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík og er það þá svo að þessi breyting sem hér er verið að leggja til, sem er í raun og veru í samræmi við allar aðrar ákvarðanir sem teknar eru í þessu kerfi, komi sér að einhverju leyti illa fyrir þá borgarstjóra sem hugsanlega vilja þá hafa málin bara hjá sér en ekki hjá kjörnum fulltrúum í ráðum og nefndum eins og algengast er í kerfinu.

Þannig að ég held að ég varpi spurningunni til borgarfulltrúans tilbaka, hvort sú tillaga sem hér liggur fyrir sé með einhverjum hætti að skerða athafnafrelsi og völd borgarstjóra, hvort sem þeir hafa verið í fortíðinni eða koma til með að vera í framtíðinni með inni á sínu borði. Þannig að ég get ekki svarað spurningu borgarfulltrúans öðruvísi en með annarri spurningu og hún er sú og í ljósi reynslunnar sem fyrrverandi borgarstjóri, hvort hann geti svarað því hvort þessi breyting skerði að einhverju leyti valdssvið borgarstjórans í Reykjavík.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Svárið er auðvitað já. Valdssviðið skerðist sem því nemur að borgarstjórinn í Reykjavík undirbýr ekki lengur í samvinnu við skrifstofustjóra framkvæmda- og eignasviðs úthlutun lóða í Reykjavík og leggur um það tillögu fyrir borgarráð. Það er ekki lykilsurningin. Það er ekki lykilsurningin vegna þess að hér er verið að mæla fyrir breytingu á þessu verklagi. Í því felst að þetta valdsvið borgarstjórans í Reykjavík flytjist til framkvæmda- og eignasviðs og þar með framkvæmda- og eignaráðs og spurningin sem ég set fram er: af hverju er það betra? Í hverju felast gæði þessarar breytingar ef ekki fylgir einhver ýtarlegri eða meiri hugsun um málsmeðferð, málsmeðferðarreglur, rekjanleika, gagnsæi og svo framvegis. Það var eftir þessum svörum sem ég var að kalla vegna þess að borgarfulltrúinn kaus að nálgast málið þannig að það væri á einhvern hátt betra og nútímalegra að undirbúningur að þessum málum væri á borði hans heldur en á borði borgarstjóra.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Óskar Bergsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Örstutt út af þessu: af hverju er þetta betra? Ég held að ég hafi í raun og veru svarað því kannski fyrst og fremst í minni fyrstu ræðu þegar ég talaði um þau mistök Reykjavíkurlistans þegar útboðsleiðin var farin á sínum tíma að í raun og veru fylgjast ekki betur með því sem var að gerast í umhverfinu og það er í raun og veru alltaf hætta þegar ákvarðanatataka er þröng, í þröngum hópi, hjá önnum köfnu fólki, að það fylgist ekki með umhverfinu. Ég held að það hafi að mörgu leyti gerst í borgarstjóratið þeirra borgarstjóra sem störfuðu með Reykjavíkurlistanum á sínum tíma, að þeir höfðu í raun og veru bara ekki nægilega mikinn tíma til þess að hafa púlsinn á þeim markaði sem þeir áttu að hafa.

Þess vegna er það mun betra að það séu fleiri aðilar sem koma að ákvörðun um það hvenær lóðum er úthlutað, hverjum er úthlutað, hver er þörf markaðarins á hverjum tíma, vegna þess að þannig er kerfið okkar að virka. Þetta er fjölskipað stjórnvald þar sem við tökum til okkar fagfólk allsstaðar að úr samfélaginu. Inn í leikskólana, inn í framkvæmdasviðið, inn í skipulagsmálin, til þess að við séum með púlsinn á samfélaginu. Þegar stórmál eins og lóðamál í Reykjavíkurborg, sem hafa verið kosningamál kosningar eftir kosningar, eru bara inni á borði borgarstjóra og kannski eins starfsmanns, sem hefur kannski að sumu leyti takmarkaðan aðgang að borgarstjóranum vegna þeirra anna sem hvíla á því embætti, þá segi ég: já, það er betra að þessi ákvarðanatataka sé hjá fleirum, sé hjá fólki sem fylgist með, er með púlsinn á markaðnum. Þannig náum við utan um verkefnið, þannig skynjum við betur þörfina á því hvenær á að úthluta, hverjum á að úthluta og hvar á að úthluta. Því fleiri því betra í þessu tilviki.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari og er þá umræðu lokið ... Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að gera stutta athugasemd.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki að hafa lokaorð mín í þessari umræðu löng. Dæmið sem borgarfulltrúinn valdi máli sínu til stuðnings var hins vegar afar óheppilegt og ekki málstað hans í hag. Ástæðan fyrir hækkun lóðaverðs í Reykjavík og öðrum sveitarfélögum, og raunar vestur-Evrópu að stórum hluta, en við skulum halda okkur við Reykjavík og nágrennasveitarfélögin, var vegna gríðarlegs framboðs af ódýru lánsfé sem bjó til eignabólu og það hefði verið alveg sama, algjörlega sama hvaða aðferð hefði verið notuð við lóðaúthlutanir eða nákvæmlega hverjir hefðu fengið þessu úthlutað, eignabólan hefði orðið sú sama og hvatinn til þess að sækja fleiri og fleiri og fleiri lóðir í hendur borgarinnar hefði alltaf verið sá sami vegna þess að lánsféð var ekki bara á lágum vöxtum heldur var lánað út á ótrúlega óábyrgan hátt og það er þess vegna alveg ótrúlegt og algjörlega reyndar rakalaus della sem margoft hefur verið hrakin í þessum sal, að lóðaverð í Reykjavík eða yfirhöfuð í nokkrum öðrum sveitarfélögum, vegna þess að það þróaðist nú eins í öllum sveitarfélögum hér á höfuðborgarsvæðinu, sé að rekja til lóðareglna eða úthlutunarreglna hjá Reykjavíkurborg. Það er alveg fjarri lagi.

Þrýstinginn á fleiri og fleiri lóðir hins vegar var að rekja til þess hvað lóðaverðið var hátt og hvað menn gátu náð skjótfengnum gróða með því að fá úthlutað lóðum á lágu verði og taka sem hagnað mismuninn á því verði og byggingarkostnaði miðað við fasteignabóluverðið sem var í gangi. Ég hef nú margoft talað um það í þessum sal að það væri snjallræði, þannig að við værum ekki að þrátta að þarflausu um þessi efni sem blasa nokkuð augljóslega við öllum sem hafa skoðað þetta og sérfræðingum ber meira eða minna saman um þetta. Það eru bara nokkrir borgarfulltrúar í Reykjavík sem ennþá halda að lóðaverð og fasteignaverð í Reykjavík hafi sveiflast eftir lóðaúthlutunarreglum Reykjavíkurlistans, á meðan sagan og hagfræðin og sannfræðin í málinu benda í aðra átt. En það breytir því ekki og er þess vegna algjörlega kjarni málsins að þessi breyting á samþykktum mun ekki tryggja nein geimvísindi í lóðaúthlutunum hjá Reykjavíkurborg inni á framkvæmda- og eignasviði, ekki frekar en voru hér áður. Þar þarf allt að byggja á málsmeðferðarreglum, gagnsæi og rekjanleika og það vantar inn í þetta mál og

Bstj. 6. apríl 2010

Þess vegna ítreka ég það sem voru mín upphafsorð í þessari umræðu að það þarf að gera rækilegan skurk og fara í gegnum lóðaúthlutunarregluverk og reglur Reykjavíkurborgar til þess að fá þessi mál í lag. Þetta er bara að færa verkefni til, það er ekki verið að breyta því, hvorki að eðli, efni né formi.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúinn tók fram við forseta þegar hann kom hér í ræðupúltið að hann hygðist nýta rétt sinn til að tala öðru sinni eins og fundarsköp gera ráð fyrir en ekki að gera stutta athugasemd. En nú tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

3. mál Breyting á samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð, sbr. 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 26. mars og 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. desember sl.

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég er í raun og veru ekki að taka þátt í þessari umræðu hér til þess að finna einhvern sökudólg í málinu eins og mér fannst borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson gera hér í sínum lokaorðum. Það er ekki hægt að skilja orð mín svo að ég líti svo á að Reykjavíkurborg beri höfuðábyrgð á því að fasteignaverð hækkaði upp úr öllu valdi hér á landi. En það er klárt að Reykjavíkurborg fylgdist ekki nógu vel með því sem var að gerast. Ég var bara hluti af þeim meirihluta Reykjavíkurlistans sem samþykkti þetta á sínum tíma og ég fann það bara á eigin skinni að sú ákvörðun sem við höfðum tekið, að við náðum ekki að fylgja henni nægilega mikið eftir.

Það sem umræðan snýst um hér er í raun og veru bara að formgera ákveðnar breytingar og ákvarðanatöku inni í þessu kerfi til samræmis við það sem gerist annars staðar, víðsvegar um kerfið hjá okkur. Ég í raun og veru undrast það svolítið að oddviti Samfylkingarinnar skuli taka málið svona óstinnt upp. En það hefur í raun og veru hver sínar ástæður til þess, ég tel að sú breyting sem hér er verið að gera sé af hinu góða og til samræmis við aðra ákvarðanatöku og annað svona faglegt starf í fagráðum borgarinnar sem við höfum verið að gera. Þannig að ég legg það til aftur að við samþykkjum þessar breytingar og ef það er svo eins og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson segir að við þurfum að gera meiriháttar endurskoðun og breytingar á lóðaúthlutunarkerfi borgarinnar, að þá skoðum við það. Og þá er náttúrlega miklu eðlilegra að það sé fjallað um það í sjö manna fagráði framkvæmda- og eignaráðs heldur en af tveimur mönnum á skrifstofu borgarstjóra. Ég held að það gefi algjörlega augaleið.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er tillagan tekin hér til atkvæðagreiðslu. Þeir borgarfulltrúar sem [forseti hringir bjöllu] ... Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja þessa tillögu, það er að segja í þriðja lið útsendrar dagskrár, gefið merki. Þeir borgarfulltrúar sem eru á móti gefi merki. Tillagan er samþykkt með tíu atkvæðum, fimm borgarfulltrúar sitja hjá [forseti slær í bjöllu]. Þá er tekin fyrir fundargerð borgarráðs frá 18. mars og til atkvæðagreiðslu kemur 15. liður, það er að segja drög að samningi milli Reykjavíkurborg og Golfklúbbs Reykjavíkur og undir

Bstj. 6. apríl 2010

Þessum lið er einnig fundargerð borgarráðs frá 25. mars og þar kemur til atkvæðagreiðslu 13. liður sem eru borgarstjórnarkosningar 29. maí, umboð til borgarráðs og til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.